



Fundargerð 9. fundar stjórnar SSA 19. febrúar 2019

Fundurinn hófst kl. 9:30 í húsnæði Austurbrúar á Egilsstöðum.

Boðið var upp á léttan hádegisverð. Mætt voru Einar Már Sigurðarson formaður, Gunnar Jónsson, Hildur Þórisdóttir, Gauti Jóhannesson, Pálína Margeirsdóttir, Sigríður Bragadóttir og Stefán Bogi Sveinsson. Verkefnastjóri sveitarstjórnarmála, Jóney Jónsdóttir, skrifaði fundargerð.

Formaður setti fundinn og gengið var til eftirfarandi dagskrár:

1. Fundargerðir og erindi.

- 1.1. Fundargerð frá 8. fundi stjórnar SSA 2018-2019 lögð fram til staðfestingar.
- 1.2. Fundargerðir stjórnar SSNV (41) og SSH (466).
- 1.3. Fundargerð 867. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 25. janúar 2019.
- 1.4. Fundargerðir 49. fundar stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál, 13. desember 2018 og 50. fundar 28. janúar 2019.
- 1.5. Fundargerð svæðisskipulagsnefndar SSA frá 11. febrúar.
- 1.6. Fundargerð 3. fundar samgöngunefndar SSA 24. janúar 2019 lögð fram.
- 1.7. Fundargerðir 93., 94., 95. og 96. funda stjórnar Austurbrúar.
- 1.8. Beiðnir um styrki.

2. Innra starf SSA

- 2.1. Sóknaráætlun.
 - 2.1.1. Kynning á úttekt á framkvæmd sóknaráætlana frá árinu 2015.
 - 2.1.2. Kynning á verkefni byggðaáætlunar C.9 Náttúruvernd og efling byggða. Björn Helgi Barkarson umhverfis- og auðlindaráðuneytinu kynni.
 - 2.1.3. Áhersluverkefni.
 - 2.1.3.1. Tinna Halldórsdóttir verkefnastjóri Austurbrú segir frá niðurstöðum könnunar um fjarnám sem var áhersluverkefni 2018.
 - 2.1.3.2. Áhersluverkefni 2019.
- 2.2. Aðalfundur SSA 2018 og haustþing SSA 2019.
- 2.3. Fundaáætlun SSA.
- 2.4. Starfshópar á vegum SSA.
- 2.5. Aukaaðalfundur.

3. Önnur mál.

- 3.1. Styrkbeiðni doktorsnema.
- 3.2. Sagt frá kynningarfundum um heimsmarkmiðin og sveitarfélögin.

1. Fundargerðir og erindi.

- 1.1. Fundargerð frá 8. fundi stjórnar SSA 2018-2019 var lögð fram til staðfestingar.
 - 1.2. Fundargerðir stjórnar SSNV (41) og SSH (466) voru lagðar fram til kynningar.
-

- 1.3 Fundargerð 867. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 25. janúar 2019 var lögð fram til kynningar.
- 1.4 Fundargerðir 49. fundar stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál, 13. desember 2018 og 50. fundar 28. janúar 2019 voru lagðar fram til kynningar.
- 1.5 Fundargerð svæðisskipulagsnefndar SSA frá 11. febrúar var lögð fram til staðfestingar. Stjórn samþykkir fundargerðina. Lið 1 samþykkir stjórn fyrir sitt leyti.
- 1.6 Fundargerð 3. fundar samgöngunefndar SSA 24. janúar 2019 var lögð fram til staðfestingar.
- 1.7 Fundargerðir 93., 94., 95. og 96. fundar stjórnar Austurbrúar voru lagðar fram til kynningar.
- 1.8 Beiðnir um styrki. Styrkbeiðnum var hafnað. Styrki þarf að skoða í tengslum við fjárhagsáætlun og mun stjórn leggja slíkt fyrir fjárhagsnefnd á aðalfundi.

2 Innra starf SSA

2.1 Sóknaráætlun.

- 2.1.1. Kynning á úttekt á framkvæmd sóknaráætlana frá árinu 2015 var lögð fram til kynningar.
- 2.1.2. Kynning á verkefni byggðaáætlunar C.9 Náttúruvernd og efling byggða. Björn Helgi Barkarson sérfræðingur í umhverfis- og auðlindaráðuneytinu kynnti verkefnið, tilgang þess og grundvöll. Framkvæmdaráði var falið að vinna tillögu fyrir næsta stjórnarfund.
- 2.1.3. Áhersluverkefni.
 - 2.1.3.3. Tinna Halldórsdóttir verkefnastjóri Austurbrú sagði frá niðurstöðum könnunar um fjarnám sem var áhersluverkefni 2018. Stjórn fól Tinnu að birta niðurstöður könnunarinnar.
 - 2.1.3.4. Áhersluverkefni 2019. Farið var yfir hugmyndir að áhersluverkefnum 2019. Jóna Árný Þórðardóttir framkvæmdastjóri Austurbrúar fór yfir tillögur um verkefni er lýtur að sýnileika Austurlands. Stjórn samþykkti tillögur um áhersluverkefni 2019 með þeim fyrirvara að ef þau verkefni sem sótt verður um framlög í sem sértæk verkefni sóknaráætlanasvæða fá úthlutun verði fjármunir hugsanlega færðir til.

- 2.2 Aðalfundur SSA 2018 og haustþing SSA 2019. Haustþing 2019 verður haldið á Borgarfirði 11.-12. október. Framkvæmdaráði var falið að finna dagsetningu fyrir aðalfund í vor.
- 2.3 Fundaáætlun SSA. Farið var yfir fundaáætlun stjórnar og hún samþykkt. Næsti fundur verður haldinn á Reyðarfirði 12. mars.
- 2.4 Starfshópar á vegum SSA. Formaður kynnti starfshópa á vegum SSA sem eru tveir. Málinu vísað til fjárhagsnefndar á aðalfundi.
- 2.5 Aukaaðalfundur. Stjórn samþykkti að gera tillögu til aukaaðalfundar um skipan kjörbréfanefndar svo: Pálína Margeirsdóttir, Sigríður Bragadóttir og Guðlaugur Sæbjörnsson.

3 Önnur mál.

- 3.1. Styrkbeiðni doktorsnema. Styrkbeiðninni var hafnað.



3.2. Sagt frá kynningarfundum um heimsmarkmiðin og sveitarfélögin. Stefán Bogi Sveinsson sagði frá fundinum og benti á erindi og samantekt sem finna má á heimasíðu Sambands Íslenskra Sveitarfélaga, <https://www.samband.is/um-okkur/fundur-og-radstefnur/heimsmarkmidin-og-sveitarfelogin/>

3.3 Erindi frá N4 um að gera samning f.h. allra sveitarfélaga í landshlutanum var vísað til framkvæmdaráðs.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 12:30.

Einar Már Sigurðarson

Gunnar Jónsson

Hildur Þórisdóttir

Gauti Jóhannesson

Pálína Margeirsdóttir

Sigríður Bragadóttir

Stefán Bogi Sveinsson